

Möðurskrifst. Garðabæjar	
Möðun	05.11.20
Útgefið	05.61
Mál nr.	2011101

Camerarctica
c/o Ármann Helgason
Markarflöt 7
Garðabæ
armannhelgason@simnet.is
2.nóv 2020

Ágæta Menningar- og safnanefnd

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlega tónleika undir yfirsíftinni "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju föstudaginn 21. desember 2020. Þetta verður í 28. sinn sem tónleikarröðin er haldin en tónleikarnir hafa verið haldnir í ýmsum kirkjum þ.e í Hafnarfjarðarkirkju, Kópavogskirkju og Dómkirkjunni í Reykjavík en Garðakirkja bættist við tónleikaröðina árið 2008 og tókst einstaklega vel til enda bæjarbúar ánægðir að fá þessa árlegu klassísku tónleika inn í tónleikaflóru Garðabæjar en kirkjan hefur verið þétt setin á þessum tónleikum undanfarin ár. Við höfum fulla trú á því að við getum haldið tónleikana í ár og ef fjöldatakmörkanir verða miklar getum við einnig streymt tónleikunum.

Meirihluti kammerhópsins Camerarctica býr eða tengist Garðabæ þannig að það er Camerarctica bæði ljúft og skylt að leika Mozart við kertaljós í Garðakirkju þessari sérlega vel hljómandi og fallegu kirkju sem nýtur sín einstaklega vel í kertaljósabirtunni. Meðlimir Camerarctica eru mjög virkir í tónlistarlífinu og leika ýmist með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða með virtum kammerhópum. Meðlimir Camerarctica eru Ármann Helgason, Hildigunnur Halldórsdóttir, Bryndís Pálsdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Svava Bernharðsdóttir og Sigurður Halldórsson. Við bjóðum stundum gestahljóðfæraleikarum eða söngvurum að koma fram með Camerarctica á þessum tónleikum og oft hafa drengir úr Drengjakór Reykjavíkur sungið með í sálminum "Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni eftir Mozart en þessi sálmur hljómar alltaf í lok tónleikana hjá okkur og hefur hringt inn jólinn hjá hjá mörgum í fjölda ára.

Camerarctica leitar nú til Menninga- safnanefndar eftir styrk vegna tónleikanna Mozart við kertaljós sem haldnir verða nú í 28. sinn og verða þeir sérlega glæsilegir. Tónleikarnir verða í minningu hugmyndasmiðarins og stofnandi tónleikaraðarinnar Hallfríður Ólafsdóttir sem hlaut viðkenningu frá Garðabæ nú í sumar vegna mikilvægs framlags til menningar og lista.

Kostnaður vegna tónleika í Garðakirkju, 21. des. 2020:

Auglýsingar og kynningastjórnun, veggspjöld, efnisskrár, kirkjuleiga, kerti og uppsetning á stjóköm og ýmis annar kostnaður: 150.000.-

Laun til flytjenda: 280.000.-

Tekjur vegna tónleikanna:
Aðgangseyrir (áætlað) 130.000.-

Sótt er um styrk vegna "Mozart við kertaljós" í Garðakirkju: kr. 300.000.-

Virðingarfyllst, fyrir hönd Camerarctica,

Ármann Helgason

Camerarctica

Camerarctica *Mozart við kertaljós*

Mozart by candlelight
Fammertónlist á aðventu 2018



Hálfmárhjardarkirkju miðvikudag 19. des. kl. 21.00
Kopavogskirkju fimmtudag 20. des. kl. 21.00
Gardakirkju föstudag 21. des. kl. 21.00
Domkirkjunni í Reykjavík laugardag 22. des. kl. 21.00

Midásala við innganginn og á tix.is - Miðaverð kr. 3.000/2.000



Stuðni af Foulstarshöfðinu, Menn, miðlandshöfðinu, Höfðinu og Hálfmárhjardarkirkju, Kopavogskirkju og Gardakirkju

Markmið og starfsemi

Markmið hópsins er að flytja kammertónlist frá öllum tímum og að efla íslenskt tónlistarlíf með samstarfi við listastofnanir og í samstarfi við innlenda og erlenda listamenn. Frumflytja íslenska tónlist og metnaðarfullar efnissrár með ákveðin þemu til að auðvelda kynningu og gera tónleikana markvissari.

Tónlistarhópurinn Camerartica hefur starfað frá árinu 1993, um það leyti sem hljóðfæraleikararnir komu heim frá námi við tónlistarháskóla erlendis. Félagar hópsins hafa meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, kennt hljóðfæraleik við tónlistarskólana á höfuðborgarsvæðinu og komið víða fram sem einleikarar.

Camerartica hefur vakið sérstaka athygli og hlotið lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Mozart á árlegum kertaljósatónleikum í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og á strengjakvartettum Shostakovitch og Bartók á tónleikum Kammermúsíklúbbsins í Reykjavík.

Hópurinn hefur m.a. leikið á Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík, Norrænum músíkdögum, Kammermúsíklúbbum, 15:15 Tónleikum og á Norrænum sumartónleikum í Norræna húsinu, Salisbury hátíðinni í Bretlandi og gefið út geisladisk með verkum eftir W. A. Mozart.

Camerartica var Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2005.

Camerartica samanstendur af hljóðfæraleikurunum Ármanni Helgasyni klarinettuleikara, Hildigunni Halldórsdóttur fiðluleikara, Bryndísi Pálsdóttur fiðluleikara, Svövu Bernharðsdóttur og Guðrúnu Þórarinsdóttur víóluleikurum, Sigurði Halldórssyni sellóleikara og Ingunni Hildi Hauksdóttur píanóleikara. Auk þess leika gestahljóðfæraleikarar oft með Camerartica.

Árið 2022 heldur Camerartica upp á 30. ára starfsafmæli hópsins.

Tónleikaskrá Camerarctica

Tónleikar Camerarctica 2019

2019

feb. Kammermúsíklúbburinn. Weber kvintett fyrir klarinetu og strengi og Mendelsshon Strengjakvartett.

maí. 15.15 Tónleikar í Breiðholtskirkju. “Örlagafugl” Verk fyrir klarinetu og strengi. Kokai Rezsö -Quartettino, James Macmillan -From Galloway, Þorkell Sigurbjörnsson - Örlagafugl, Ian Munro -Songs from the Bush.

okt .Sígildir sunnudagar í Hörpu. “Mozart aríur og Brahms.” Adagio og Allegro fyrir klarinettur og strengi. Aríurur fyrir klarinettur, fagott og strengi, Brahms kvintett fyrir klarinetu og strengi.

Nóv. Kammermúsíklúbburinn. Tríó fyrir klarinetu, selló og píanó eftir Louise Farrence og Brahms og Hirðirinn á hamrinum eftir Schubert.

Des. Mozart við kertaljós í fjórum kirkjum. Kvintett fyrir klarinetu og strengi og Divertimento fyrir strengi.